

## REGLUR

### um Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni.

1. gr.

*Almennt.*

Stofnun Ármanns Snævarr er vísindaleg rannsóknastofnun sem er starfrækt af Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir lagadeild og er vettvangur lögfræðirannsókna- og þróunarstarfs í málefnum fjölskyldna og barna í þverfaglegu samstarfi við önnur fræðasvið og rannsóknastofnanir sem fjalla um fjölskyldumálefni.

2. gr.

*Hlutverk.*

Hlutverk stofnunarinnar er einkum:

- a) að efla lögfræðirannsóknir á sviði fjölskylduréttar, svo sem sifjaréttar, hjúskapar- og sambúðarréttar, barnaréttar og barnaverndarréttar,
- b) að skapa vettvang fyrir þverfaglegar rannsóknir á sviði lögfræði og annarra fræðasviða þar sem fjallað er um hjúskapar- og sambúðarmál og málefni fjölskyldna og barna í sem víðustu samhengi, m.a. frá sjónarhlí allra þátta félagsvísinda, heilbrigðisvísinda menntavísinda, heimspeki og siðfræði,
- c) að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila,
- d) að eiga frumkvæði að og taka þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum á sviði fjölskylduréttar og í þverfaglegum rannsóknum um fjölskyldumálefni,
- e) að efla tengsl rannsókna og kennslu á háskólastigi um fjölskyldumálefni,
- f) að stuðla að samstarfi við félög og stofnanir sem fara með málefni tengd fjölskyldunni,
- g) að sinna þjónustuverkefnum fyrir stofnanir eða aðra aðila sem fjalla um fjölskyldumálefni,
- h) að skapa vettvang fyrir meistaranaema og doktorsnema í lögfræði eða öðrum námsgreinum sem tengjast fjölskyldumálefnum til að vinna að einstaka rannsóknarverkefnum, veita þeim aðstöðu til rannsóknastarfa eftir því sem aðstæður leyfa og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum,
- i) að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna um fjölskyldumálefni og gangast fyrir faglegum námskeiðum, fyrirlestrum og ráðstefnum um efnið.

3. gr.

*Aðstaða.*

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 7. gr. og gestum aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.

*Skipulag.*

Stofnunin starfar í einni rannsóknastofu. Starfsmaður hennar annast skrifstofuhald hennar að því marki sem honum er falið, en að öðrum kosti annast skrifstofa lagadeilda skrifstofuhald hennar.

5. gr.

*Stjórn.*

Háskólaráð skipar stofnuninni fimm manna stjórn til þriggja ára í senn að fengnum tilnefningum frá lagadeild og skal sá jafnframt vera formaður, félagsráðgjafardeild, hugvísindasviði, menntavísindasviði og heilbrigðisvísindasviði.

Stjórnin kýs varaformann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Stjórninni er heimilt að fela starfsmanni stofnunarinnar að annast daglegan rekstur hennar. Að öðrum kosti kemur stjórnarformaður fram fyrir hönd stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar.

## 6. gr.

*Stjórnarfundir.*

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi bréflega, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti lagadeildar eða rektor ber fram slíka ósk og hafa þeir þá málfrelni og tillögurétt á fundinum, en ekki atkvæðisrétt.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum. Rita skal fundagerðir og skulu afrit þeirra send forseta lagadeilda.

## 7. gr.

*Verkefni stjórnar.*

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og setur henni starfsreglur.

Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart lagadeild og félagsvíndasviði, samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu til forseta deildar og fræðasviðs um fjárveitingar og skiptingu þeirra ásamt skiptingu annarra tekna.

Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

## 8. gr.

*Ráðning starfsmanna.*

Stjórnin gerir tillögu til forseta félagsvíndasviðs um ráðningu forstöðumanns stofnunarinnar. Forstöðumaður skal hafa meistarapróf eða sambærilegt háskólapróf hið minnsta. Forseti sviðsins setur forstöðumanni erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um verkefni og starfssvið.

Um ráðningu forstöðumanns eða annarra starfsmanna fer að öðru leyti eftir reglum Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum fer formaður stjórnar eða stjórn stofnunarinnar í umboði hans með ráðningarmálið.

## 9. gr.

*Fjármál.*

Tekjur stofnunarinnar eru eftirfarandi:

- framlag frá lagadeild og félagsvíndasviði,
- styrkir til einstakra verkefna,
- greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- tekjur af útgáfustarfsemi,
- aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárhagsáætlun skal borin undir forseta félagsvíndasviðs og lögð fram til samþykktar á deildarfundi.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislagar.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands.

Nr. 570

16. júní 2009

10. gr.  
*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 16. júní 2009.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

---

*Pórður Kristinsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 29. júní 2009